

Allsherjar-og menntamálanefnd Alþingis

143. mál. Tillaga til þingsályktunar um ráðstöfun útvarpsgjalds.

Flm. Bergþór Ólason, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.

Umsögn: Síminn hf

Síminn fagnar framkominni tillögu og telur hana mikilvægt innlegg í umræðuna um bæði umsvif Ríkisútvarpsins á samkeppnismarkaði og fjármögnun sjálfstæðra fjölmiðla. Ríkisútvarpið keppir þegar við alla fjölmiðla landsins um auglýsingatekjur og því fullkomlega eðlilegt að það skapist vísir að samkeppni um ráðstöfun útvarpsgjalds. Ríkisútvarpið hefur lítið að óttast í þessum málum ef trúa má þeirra eigin fullyrðingum um hvernig stofnunin ber höfuð og herðar yfir aðra miðla þegar kemur að trausti almennings. Stofnunin er líka sérdeilis slungin í að beita sér í samkeppni við einkarekna miðla og myndi strax í upphafi njóta veglegs samkeppnisforskots.

Kjarni tillögunnar er að almenningur ráðstafi sjálfur hluta gjaldsins til fjölmiðils að eigin vali. Engin rök eru færð fyrir því að takmarka ráðstöfunina og meðan Ríkisútvarpið keppir nær óheft á auglýsingamarkaði væri eðlilegast að gera strax ráð fyrir að það hlutfall myndi hækka í þrepum og og enda með frjálsri ráðstöfun alls útvarpsgjaldsins. Síminn telur þessa leið vera mun eðlilegri til að styðja við frjálsa fjölmiðlun í landinu heldur en þá leið sem hefur nýverið farin og færir eftirlitsstofnunum og/eða stjórnmalámönnun raunverulegt ritstjórnarvald á miðlunum. Miðlunum eru settar ýmsar leikreglur og viðfangsefnum þeirra gert mishátt undir höfði eftir geðþótta löggjafans. Þannig eru sumir miðlar í náðinni þegar kemur að styrkveitingum á meðan aðrir þurfa annaðhvort að sitja óbættir hjá garði eða laga starfsemi sína að styrkveitingum sem varla styður við markmið um fjölraði og fjölbreytileika. Tillagan færir valdið til neytendans sem nú getur að hluta til stýrt hvað miðla hann telur verða að njóta útvarpsgjalds.

Rétt er að minna á að nær allir lögaðilar, þar með talið einkareknir fjölmiðlar, þurfa að standa skil á útvarpsgjaldi sem rennur til Ríkisútvarpsins. Þannig var það líklega einn síðasti reikningurinn sem svæðisstöðin N4 þurfti að standa skil á áður en stöðin fór í þrot vegna yfiringangs ríkismiðilsins í auglýsingasölu. Hvar er sanngirninn í að litlir einkareknir miðlar þurfi að standa skil á gjöldum sem renna rakleitt til fjármögnunar markaðsráðandi risa?

Tillaga Símans er að allir fjölmiðlar sem falla undir lögsögu fjölmiðlanefndar eigi að njóta jafnræðis þegar kemur að mögulegri úthlutun útvarpsgjalds eða annara styrkja. Þetta er eðlilegt sanngirnismál í ljósi þess að þegar miðill er skráður hjá fjölmiðlanefnd virkjast ýmis íþyngjandi lagaákvæði. Reglan væri einföld, ef ríkið vill hlutast til um rekstur miðilsins í gegnum fjölmiðlanefnd ætti sami miðill alltaf að njóta mögulegs ávinnings á móti.

Virðingarfyllt

Magnús Ragnarsson

framkvæmdastjóri miðla

Síminn



Nefndarsvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd

Reykjavík, 13. janúar 2021

Efni: Frá nefndarsviði Alþingis - til umsagnar 397. mál

Vísað er til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis, dags. 17. desember 2020, en honum fylgdi tillaga til þingsályktunar um ráðstöfun útvarpsgjalds. Lagt er til að Alþingi álykti að fela mennta- og menningarmálaráðherra í samráði við fjármála- og efnahagsráðherra að leggja fram frumvarp þess efnis að lögum um ráðstöfun útvarpsgjalds skuli breytt. Breytingin lúti að því að hverjum og einum greiðanda útvarpsgjalds skuli heimilt að ráðstafa allt að þriðjungi gjaldsins til annarra fjölmiðla en Ríkisútvarpsins eins og hann kýs.

Hér að neðan fer umsögn Sýnar hf. um tillöguna:

Svo sem fram kemur í greinargerð með tillögunni hefur um áráð verið rætt um að takmarka umsvif Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði og renna þannig styrkari stoðum undir frjálsa fjölmiðla, en slík umræða hefur ekki hlotið brautargengi. Í umsögn sem Sýn hf. sendi allsherjar- og menntamálanefnd, dags. 10. janúar 2020, sem er meðfylgjandi, komu til að mynda fram hófsamar tillögur um hvernig unnt væri að takmarka umsvif RÚV á auglýsingamarkaði.

Fram til þessa hafa stjórnvöld og Alþingi ekki brugðist við umræðunni um að takmarka fyrirferð RÚV á auglýsingamarkaði með trúverðugum hætti. Til marks um það hefur menntamálaráðherra nýverið undirritað nýjan þjónustusamning við RÚV, sem festir í sessi veru RÚV á auglýsingamarkaði til næstu ára. Það var m.a. á grundvelli þessarar staðreyndar sem stjórnendur Sýnar tóku ákvörðun um að Stöð 2 verði alfarið áskriftarstöð frá 18. janúar n.k., sem þýðir að einungis RÚV flytur héðan í frá sjónvarpsfréttir í opinni dagskrá.

Svo sem fram kemur í greinargerð með þingsályktunartillögunni þekkist nefskattur á borð við útvarpsgjald nú þegar í lögum um sóknargjöld. Þar er kveðið á um að þjóðkirkjusöfnuðir og skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög skuli eiga ákveðna hlutdeild í tekjuskatti sem lagður er á samkvæmt ákvæðum laga um tekjuskatt. Er það val skattgreiðenda til hvaða safnaðar gjaldið rennur. Ekkert ætti að vera því til fyrirstöðu að útfæra útvarpsgjaldið á svipaðan hátt, t.d. þannig að skattskyldur aðili tilgreini á skattframtali hverju sinni hvert hann vill beina hluta útvarpsgjaldsins.

Sýn tekur heils hugar undir tillöguna en fær ekki séð hvers vegna einungis þriðjungi útvarpsgjaldsins ætti að vera úthlutað með þessum hætti. Á meðan RÚV heldur áfram að afla sér auglýsingatekna sem að jafnaði nema 2 milljörðum króna á ári eru þvert á móti full rök





fyrir því að einkareknir fjölmiðlar og RÚV skipti með sér öllu útvarpsgjaldinu í samræmi við vilja skattgreiðenda. Með slíku móti væri með trúverðugum hætti stigið skref til að styrkja samkeppnisstöðu einkarekinna miðla og grunnur lagður að því að unnt verði að halda úti öflugum fréttamiðlum, sem veiti stjórnvöldum og öðrum raunverulegt aðhald í lýðræðislegri umræðu.

Virðingarfyllst,
f.h. Sýnar hf.

Páll Ásgrímsson, lögmaður

Meðfylgjandi: Fyrri umsögn Sýnar, dags. 10. janúar 2020





Nefndarsvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd

Reykjavík, 13. janúar 2021

Efni: Frá nefndarsviði Alþingis - til umsagnar 397. mál

Vísað er til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis, dags. 17. desember 2020, en honum fylgdi tillaga til þingsályktunar um ráðstöfun útvarpsgjalds. Lagt er til að Alþingi álykti að fela mennta- og menningarmálaráðherra í samráði við fjármála- og efnahagsráðherra að leggja fram frumvarp þess efnis að lögum um ráðstöfun útvarpsgjalds skuli breytt. Breytingin lúti að því að hverjum og einum greiðanda útvarpsgjalds skuli heimilt að ráðstafa allt að þriðjunggi gjaldsins til annarra fjölmiðla en Ríkisútvarpsins eins og hann kýs.

Hér að neðan fer umsögn Sýnar hf. um tillöguna:

Svo sem fram kemur í greinargerð með tillögunni hefur um áráð verið rætt um að takmarka umsvif Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði og renna þannig styrkari stoðum undir frjálsa fjölmiðla, en slík umræða hefur ekki hlotið brautargengi. Í umsögn sem Sýn hf. sendi allsherjar- og menntamálanefnd, dags. 10. janúar 2020, sem er meðfylgjandi, komu til að mynda fram hófsamar tillögur um hvernig unnt væri að takmarka umsvif RÚV á auglýsingamarkaði.

Fram til þessa hafa stjórnvöld og Alþingi ekki brugðist við umræðunni um að takmarka fyrirferð RÚV á auglýsingamarkaði með trúverðugum hætti. Til marks um það hefur menntamálaráðherra nýverið undirritað nýjan þjónustusamning við RÚV, sem festir í sessi veru RÚV á auglýsingamarkaði til næstu ára. Það var m.a. á grundvelli þessarar staðreyndar sem stjórnendur Sýnar tóku ákvörðun um að Stöð2 verði alfarið áskriftarstöð frá 18. janúar n.k., sem þýðir að einungis RÚV flytur héðan í frá sjónvarpsfréttir í opinni dagskrá.

Svo sem fram kemur í greinargerð með þingsályktunartillögunni þekkist nefskattur á borð við útvarpsgjald nú þegar í lögum um sóknargjöld. Þar er kveðið á um að þjóðkirkjusöfnuðir og skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög skuli eiga ákveðna hlutdeild í tekjuskatti sem lagður er á samkvæmt ákvæðum laga um tekjuskatt. Er það val skattgreiðenda til hvaða safnaðar gjaldið rennur. Ekkert ætti að vera því til fyrirstöðu að útfæra útvarpsgjaldið á svipaðan hátt, t.d. þannig að skattskyldur aðili tilgreini á skattframtali hverju sinni hvert hann vill beina hluta útvarpsgjaldsins.

Sýn tekur heils hugar undir tillöguna en fær ekki séð hvers vegna einungis þriðjunggi útvarpsgjaldsins ætti að vera úthlutað með þessum hætti. Á meðan RÚV heldur áfram að afla sér auglýsingatekna sem að jafnaði nema 2 milljörðum króna á ári eru þvert á móti full rök





Nefndarsvið Alþingis
Alsherjar- og menntmálanefnd

Reykjavík, 10. janúar 2020

Efni: Frá nefndasviði Alþingis - Þingskjal 645 — 458. mál.

Vísað er til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis, dags. 17. desember 2019, en honum fylgdi frumvarp til laga um fjölmiðla (stuðningur við öflun og miðlun fréttar, fréttatengds efnis o.fl.), 458. mál. Óskað var eftir umsögn um frumvarpið sem skyldi berast ekki síðar en 10. janúar 2020. Hér að neðan fer umsögn Sýnar hf. um frumvarpið:

1. Almenn

Frumvarpið er nú lagt fram í lítilla breytttri mynd frá frumvarpinu birt var í samráðsgátt stjórnvalda snemma árs 2019. Með bréfi til mennta- og menningarmálaráðuneytis, dags. 15. febrúar 2019, veitti Sýn umsögn sína um það frumvarp. Helstu breytingar í frumvarpi því sem nú er í þinglegri meðferð lúta að heildarfrjárlagi til styrkveitinga, sem nú er kr. 400 millj. í stað 500 millj. Þá er endurgreiðsluhlutfall skv. frumvarpinu nú 18%. Að öðru leyti er megin efni frumvarpsins það sama og áður. Af þeim sökum er alfarið vísað til umsagnarinnar frá 15. febrúar 2019, sem gildir að breyttu breytanda, og er fylgiskjal með bréfi þessu. Samandregið voru helstu athugasemdir og tillögur Sýnar á fyrri stigum:

1. Hámark styrkuppþæðar verði afnumið EÐA sett hámark fyrir hvern miðil sem fjölmiðlaveita rekur.
2. Starfsheitunum fréttapróduðsent, klippari, þýðandi og grafiker verði bætt við endurgreiðsluhæf starfsheiti.
3. Hafist verði handa við að skoða aðrar leiðir til að bæta rekstrarumhverfi fjölmiðla, þar á meðal með því að takmarka verulega umsvif RÚV á auglýsingamarkaði með það að markmiði að RÚV hætti að afla sér fé með auglýsingum.
4. Tekið verði upp sambærilegt endurgreiðslu- eða styrkjakerfi vegna þýðinga- og talsetningakostnaðar.

2. Nánar um hvernig unnt verði að takmarka umsvif RÚV á auglýsingamarkaði

Sýn telur mikilvægt að samhliða samþykkt frumvarpsins verði hafist handa við að takmarka umsvif RÚV á auglýsingamarkaði í áföngum. Fyrsta skref gæti verið að setja hámark á þær auglýsingatekjur sem RÚV verði heimilt að afla. Skv. gildandi fyrirkomulagi nema þær um 2 ma. kr. á ári.

Leggur Sýn til að tekjur RÚV af auglýsingum verði bundar við hámark sem nemur um 20%-25% af tekjum stofnunarinnar af nefskatti. Miðað við núverandi tekjur RÚV gæti þessi hámarks upphæð numið um 1 ma.kr. á ári (miðað við 4,7 ma.kr. í tekjur af nefskatti). Fari



VÍSIR



SPORT

BYLGJAN 989





auglýsingatekjur yfir þá upphæð myndi nefskattur lækka sem þeirri upphæð nemur. Þannig væri RÚV með traustar og stöðugar tekjur til rekstrarins og þyrfti ekki að beita aflsmunum í samkeppni við einkarekna miðla.

Telur Sýn að þrátt fyrir slíka skerðingu á tekjuöflunarmöguleikum þá muni rekstarafkoma RÚV ekki skerðast í sömu hlutföllum. Ræðst þetta af því að samhliða væri unnt að draga verulega úr starfsemi eða leggja niður hina fjölmennu og ágengu auglýsingadeild, sem nú er starfrækt á RÚV. Sala RÚV á auglýsingum upp að 1 ma. kr. hámarkinu færi einkum fram á netinu á grundvelli opinberrar og gagnsærrar verðskrár og með lágmarks umsýslukostnaði. Kostnaður við rekstur auglýsingadeildar myndi lækka á lágmarki um 80%.

Staða RÚV mun að líkindum styrkjast þegar ákvarðanir um dagskrá miðast ekki við áhorfsmælingar og auglýsingatekjur heldur efnistöð og gæði. Þá yrði það RÚV hagfelld að tekjur hvers árs væru traustar og fyrirséðar í stað þess að sveiflast eftir árangri í auglýsingasölu.

Að öðru leyti vísast til fyrri umsagnar hvað varðar afstöðu Sýnar til frumvarpsins.

Virðingarfyllst,
f.h. Sýnar hf.



Páll Ágrímsson, lögmaður

Meðfylgjandi: Fyrri umsögn Sýnar, dags. 15. febrúar 2019





Mennta og menningarmálaráðuneytið

Sölvhólsgrötu 4

101 Reykjavík

Reykjavík, 15. febrúar 2019

Athugasemdir Sýnar hf við drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um fjölmiðla, nr. 38/2011 (stuðningur við öflun og miðlun fréttar, fréttatengds efnis o.fl.)

Sýn hf, kt. 4709051740, rekur fjölþætta fjölmiðlastarfsemi sem innifelur Stöð 2, Stöð 2 sport, Vísi, Bylgjuna, FM957 og X977 og fleiri sjónvarps- og útvarpsstöðvar. Fréttastofa Stöðvar 2, Vísis og Bylgjunnar starfar sem ein ritstjórn sem miðlar fréttum inn á Stöð 2, Vísi og Bylgjuna. Fluttar eru fréttir 365 daga ársins í opinni dagskrá fyrir alla landsmenn. Reglur Sýnar um ritstjórnarlegt sjálfstæði fréttastofunnar eru birtar á vef fjölmiðlanefndar ásamt ritstjórnarstefnu fréttastofunnar. Þá fer fram á vegum Sýnar fjölbreytt dagskrárgerð í útvarpi og sjónvarpi, þar á meðal fjöldi þátta sem fjalla um fréttir og samfélagsmál á breiðum grunni.

Umfjöllun

Sýn fagnar drögum að frumvarpi mennta- og menningarmálaráðherra um stuðning við öflun og miðlun fréttar og fréttatengds efnis. Þau eru mikilvæg vísbending um vilja stjórnvalda til að koma til móts við versnandi rekstrarumhverfi einkarekinna fjölmiðla, sem fjallað er um í skýrslu nefndar um bætt rekstrarumhverfi fjölmiðla frá janúar, 2018. Með frumvarpsdrögum er gert ráð fyrir stuðningskerfi við einkarekna miðla sem líkist því stuðningskerfi sem kvikmyndaframleiðsla á Íslandi nýtur.

Í kynningu með frumvarpsdrögum segir að þau séu í samræmi við „það meginmarkmið stjórnvalda á sviði fjölmiðlunar að viðhalda og efla lýðræðislega umræðu og lýðræðisþátttöku fólks með því að efla miðlalæsi, stuðla að fjölbreytni, gagnsæi og fjölræði í fjölmiðlum.“ Í greinargerð með drögum segir meðal annars að „styrkveitingar skuli vera til þess fallnar að styðja við sterkar ritstjórnir með slagkraft til metnaðarfullra verkefna en ekki síður við fjölbreytta flóru smærri miðla.“

Einkareknir fjölmiðlar á Íslandi starfa á markaði þar sem auglýsingafé hverfur í auknum mæli úr landi og risastórar erlendar efnisveitur keppa við þær innlendu um áskrifendur. Mótvægi við þá þróun eru íslenskir miðlar sem leggja áherslu á innlent dagskrárefni og fréttabjónustu, hvort sem er á vefnum eða í ljósvaka.

Á sama tíma er ósennilegt annað en að falsfréttir verði sú ógn á Íslandi sem þær hafa reynst í Evrópu og Norður-Ameríku. Falsfréttir hafa meðal annars haft áhrif á kosningabaráttu og þjóðaratkvæðagreiðslur, þar á meðal í gegnum fréttaveitur samfélagsmiðla. Helsta vörnin gegn óvönduðum eða beinlínis fölsuðum fréttarflutningi eru vandaðir fjölmiðlar með sterkar ritstjórnir sem haga starfi sínu í samræmi við siðareglur og ábyrga ritstjórnarstefnu. Það á við hér á landi eins og annars staðar.



Samkvæmt frumvarpsdrögunum er gert ráð fyrir styrkjum í formi endurgreiðslu á allt að 25% af beinum launakostnaði blaða- og fréttamanna, ritstjóra og aðstoðarritstjóra, myndatökumanna, ljósmyndara og prófarkalesara auk verktakagreiðslna fyrir sömu störf, þó ekki hærri en 50 milljónir króna til hvers umsækjanda. Sýn gerir athugasemd við þessi ákvæði.

Í fyrsta lagi er ákvæði um hámark styrks til þess fallið að mismuna fjölmiðlum eftir fjölda starfsmanna í þessum tilteknu störfum. Ákvæðið vinnur gegn því markmiði væntanlegs frumvarps að styðja við sterkar ritstjórnir með slagkraft til metnaðarfullra verkefna.

Í öðru lagi er í ákvæði um hámarksupphæð til hvers umsækjanda innbyggður hvati til þess fyrirkomulags að hafa ritstjórnir litlar og að sinna einum eða fáum miðlum. Það vinnur gegn því fyrirkomulagi að ein burðarmikil ritstjórn vinni fyrir fleiri miðla í eigu eins fyrirtækis. Þetta ákvæði gengur þannig gegn markmiðinu um ritstjórnir með slagkraft.

Í þriðja lagi tekur upptalning stöðuheita ekki mið af þeirri staðreynd að aðrir starfsmenn, svo sem pródúsentar, klipparar, þýðendur og grafíkerar eru engu síður mikilvægir í fréttavinnslu í ljósvakamiðlum en þeir starfsmenn sem taldir eru upp.

Umfram viðfangsefni þessara frumvarpsdraga vill Sýn benda á mikilvægi þess fyrir fjölmiðlaumhverfið að takmarka RÚV á auglýsingamarkaði með það að markmiði að RÚV muni á endanum ekki afla sér fé með auglýsingum. Líkt og fram kemur í skýrslunni um rekstrarumhverfi fjölmiðla þá var RÚV með 44% birtingarfjár í ljósvaka á Íslandi árið 2016. Ekki þarf mikið ímyndunarafl til að sjá hversu mikilli skekkju það veldur í samkeppninni í útvarpi og sjónvarpi þegar opinber aðili með milljarða forskot í formi gjalda á almenning er með tæpan helming auglýsingatekna líka.

Yfirburðastaða RÚV á ljósvakamarkaði skekkir líka samkeppnisstöðu einkarekinna miðla þegar kemur að samkeppni um dagskrárefni, bæði innlent og erlent. Á efniskaupamarkaði keppa miðlar eins og Stöð 2 nú þegar við risastórar alþjóðlegar efnisveitur og aðra innlenda einkaaðila. Það er eðlileg og sjálfsögð samkeppni. Samkeppni við opinber fyrirtæki, sem hefur ekki bara gífurlegt forskot í formi skatttekna heldur virðist hafa álíka dagskrárstefnu og einkamiðlarnir og beitir sér af alefli á auglýsingamarkaði, er allt annars eðlis.

Ríkisútvarp sem er ekki á auglýsingamarkaði og keppir ekki við einkaaðila í efniskaupum getur gegnt þjóðfélagslega mikilvægu hlutverki án þess að skekkja ljósvakamarkaðinn með fyrirferð sinni og forskoti. Með þeim frumvarpsdrögum sem hér eru til umfjöllunar er stigið ánægjulegt skref til fyrirkomulags sem gildir annars staðar á Norðurlöndum. Hægt er að taka stærra skref með breytingum á lögum um RÚV í þá átt sem hér er lýst.

Öll íslensk fyrirtæki hafa á undanförnum árum þurft að leggja út í mikla hagræðingu til að mæta auknum kostnaði og í fjölmiðlageiranum oft á tíðum minni tekjum. Ekki er óeðlilegt að RÚV þurfi einnig að vinna í sínum rekstri til dæmis til að mæta minni auglýsingatekjum í framtíðinni.



Sýn vill einnig benda á hlutverk sterkra innlendra fjölmiðla þegar kemur að íslenskri tungu og menningu. Erlendar efnisveitur sem starfa á íslenskum markaði bjóða ekki uppá íslenskt efni og einungis upp á lítinn hluta af efni með íslenskum texta. Kostnaður innlendra aðila við talsetningar og textun hleypur á hundruðum milljóna og telur Sýn að það myndi styðja enn frekar við markmið frumvarpsins að taka upp sambærilegt endurgreiðslu kerfi vegna þýðinga- og talsetningarkostnaðar.

Einnig er hægt að styðja fjölmiðla með ýmsum öðrum hætti, svo sem með niðurfellingu tryggingagjalds, lækkun virðisaukaskatts á áskriftum, styrkjum eða endurgreiðslu á þýðingum og talsetningum, heimilun áfengis- og tóbaksauglýsinga og ýmsum aðgerðum sem skýrslan um rekstrarumhverfi fjölmiðla rakti.

Sú leið sem valin er í frumvarpsdrögnum er tiltölulega einföld og skilvirk og á sér fordæmi í endurgreiðslukerfi í kvikmyndaiðnaði. Hún er hins vegar ekki gallalaus. Í núverandi mynd sýnir hún samkeppnisumhverfi fjölmiðla með mismunun milli miðla eftir starfsmannafjölda, tekur ekki að fullu tillit til starfsheita á ljósvakamiðlum og tekur ekki á hinum miklu umsvifum RÚV á ljósvakamarkaði. Mikilvægt er að lagfæra þessa galla á frumvarpsdrögnum og skoða aðrar almennari leiðir til að bæta rekstrar- og samkeppnisumhverfi fjölmiðla.

Tillögur Sýnar

1. Hámark styrkuppþæðar verði afnumið EÐA sett hámark fyrir hvern miðil sem fjölmiðlaveita rekur.
2. Starfsheitunum fréttapróduðsent, klippari, þýðandi og grafiker verði bætt við endurgreiðsluhæf starfsheiti.
3. Hafist verði handa við að skoða aðrar leiðir til að bæta rekstrarumhverfi fjölmiðla, þar á meðal með því að takmarka verulega umsvif RÚV á auglýsingamarkaði með það að markmiði að RÚV hætti að afla sér fé með auglýsingum.
4. Tekið verði upp sambærilegt endurgreiðslu eða styrkjakerfi vegna þýðinga- og talsetningakostnaðar.



Að lokum vill Sýn ítreka þá almennu afstöðu sína að frumvarpsdrögin séu framfaraskref og lýsir sig reiðubúlf til samvinnu við ráðherra og Alþingi við framhald málsins.

Virðingarfyllst,

F.h. Sýnar hf.

Stefán Sigurðsson, forstjóri

Umsögn til Alþingis nefskattur -14. Mars 2023-Útvarp Saga ehf

**Allsherjar-og menntamálanefnd
Alþingi.**

153.löggjafarþing 2022-2023

Þingskjal 143-143. mál.

Tillaga til þingsályktunar um ráðstöfun útvarpsgjalds.

Flm. Bergþór Ólason, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.

Umsögn: Saganet-Útvarp Saga ehf

**Útvarp Saga fagnar framkominni tillögu um breytingar á ráðstöfun
útvarpsgjalds þ.e. nefskatts til RUV.**

Í tillögunni er lagt til að landsmenn hafi valfrelsi um ráðstöfun hluta nefskatts.

**Útvarp Saga sendi kvörtun til ESA, eftirlitsstofnunar EFTA þann 13. desember
2022 vegna þeirrar óreiðu sem er ríkjandi í samkeppnismálum á
fjölmiðlamarkaði á Íslandi.**

**Sérstaklega telur Útvarp Saga að forréttindastaða RÚV á markaði brjóti
gróflega gegn 53. gr. og 54. gr. laga nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið. Hér
er fyrst og fremst verið að óska eftir að íslensk stjórnvöld framfylgi lögum sem
þegar hafa öðlast lagagildi hér á landi.**

**Útvarp Saga telur að RUV geti ekki verið samhliða á auglýsingamarkaði og
jafnframt með nefskatt sem er lögvernduð greiðsla frá skattgreiðendum sbr. 2. gr.
laga nr. 90/2003 laga um tekjuskatt. Sú sérstaða RÚV sem hefur veitt
stofnuninni fjármálaleg forréttindi er löngu orðin úrelt. Útvarp Saga telur að
ríkisvaldið hafi ekki lagaheimild til þess að víkja frá samkeppnisreglum EES
samningsins þar sem fjölmiðlaumhverfið á Íslandi er gjörbreytt frá því að
nefskattur var tekinn upp árið 2008 og samkomulag við ESA um fjármögnun
RÚV frá 9. feb. 2011 (Decision no 38/11/COL).**

**Jafnframt er vakin athygli á 65. gr. stjórnarskrárinnar sem kveður á um fullt
jafnræði á milli aðila.**

**Í 53. og 54. gr. laga nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið, koma fram
ákveðnar bannreglur varðandi samkeppni fyrirtækja á markaði.**

**“Það er óheimilt að mismuna aðilum með ólíkum skilmálum í samskonar
viðskiptum og veikja þannig samkeppnisstöðu þeirra, ásamt því að takmarka og
stýra framleiðslu” er meginsteifið í þessum lagagreinum.**

Þrátt fyrir að umrædd lög hafi öðlast lagagildi fyrir tveimur áratugum á Íslandi hafa íslensk stjórnvöld látið hjá líða að virða innihald þeirra og látið samkeppnisaðila RUV líða fyrir og valdið ómældu tjóni, bæði fjárhagslegu og að því er tjáningarfrelsi varðar.

Útvarp Saga telur nauðsynlegt, til að framfylgja lagaskyldu, að einkareknir fjölmiðlar hafi jafna möguleika til tekjuöflunar og RÚV með því að skattskyldum landsmönnum verði gefinn kostur á að velja hvert greiðsla þeirra fer sem fjölmiðlagjald (nefskattur). Slíkt fyrirkomulag veitir gjaldendum frelsi til að velja um notkun fjölmiðla.

RÚV væri áfram á auglýsingamarkaði og hefði tekjur af því eins og verið hefur og jafnframt hluta nefskatts. Einnig væri hætt að veita sérstakan rekstrarstuðning til einkarekinna fjölmiðla. Fjölmiðlar væru þannig losaðir frá þeirri þvingun að vera háðir ríkisvaldinu með sérstaka rekstrarstyrki.

Með þessu móti sætu allir fjölmiðlar við sama borð (viðskiptaumhverfi) eins og kveðið er á um í EES samningnum.

Mikilvægt er að koma í veg fyrir samþjöppun eignarhalds á fjölmiðlum. Lög um fjölmiðla nr. 38/2011 fela í sér innleiðingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2010/13/ESB frá 10. mars 2010. Í 94. formálgrein tilskipunarinnar kemur fram að á aðildarríkjum hvíli sérstök skylda til að grípa til ráðstafana sem stuðla að fjölræði í fjölmiðlun. Framangreindum markmiðum er þannig lýst í 1. gr. fjölmiðlalaga og lögunum sé ætlað að stuðla að tjáningarfrelsi, rétti til upplýsinga, fjölmiðlalæsi, fjölbreytni og fjölræði í fjölmiðlun sem og að efla vernd neytenda á þeim vettvangi.

Í almennum athugasemdum við frumvarp sem varð að lögun nr. 38/2011 kemur fram að á vettvangi Evrópuráðsins hafi 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr .lög nr. 62/1994, verið túlkuð þannig að það væri skylda aðildarríkjanna að stuðla að fjölræði í fjölmiðlun og fjölbreytni fjölmiðla. Vísað var í yfirlýsingu ráðherranefndar Evrópuráðsins frá 1982 um tjáningarfrelsi og rétt til upplýsinga þar sem mikil áhersla væri lögð á skyldur aðildarríkjanna í því efni að starfandi væri fjöldi sjálfstæðra og óhára fjölmiðla sem endurspeglaði fjölbreyttar hugmyndir og skoðanir. Þá var einnig vísað í tilmæli ráðherranefndarinnar (REC No.R(94)13) að fjölræði í fjölmiðlun og fjölbreytni væri skilyrði þess að lýðræðislegt þjóðfélag fengi þrífist.

Reykjavík 13. mars 2023

**Saganet -Útvarp Saga ehf
Arnþrúður Karlsdóttir útvarpsstjóri.**

Efnahags- og viðskiptanefnd
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík


Reykjavík, 14. mars 2023

Efni: Tillaga til þingsályktunar um ráðstöfun útlarpsgjalds. (Mál nr. 129).

Viðskiptaráð þakkar fyrir tækifærið til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri um ráðstöfun útlarpsgjalds. Ráðið hefur lengi látið rekstrarumhverfi fjölmiðla sig varða, en hérlandis setur mikið umfang Ríkisútlarpsins mark sitt á rekstrarumhverfi annarra fjölmiðla, bæði á auglýsingamarkaði og sem framleiðandi og kaupandi að efni. Samkeppnisstaða einkarekinna fjölmiðla gagnvart RÚV er erfið, en RÚV er að stærstum hluta fjármagnað af skattfé.

Áskrift að Ríkisútlarpinu er lögbvinguð á grundvelli útlarpsgjalds sem lagt er á samhliða álagningu opinberra gjalda, í samræmi við 14. gr. laga um Ríkisútlarpið nr. 23/2013 og 93. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003. Upphæð gjaldsins í ár er 20.200 kr. og gjaldið greiða allir einstaklingar 16-69 ára auk allra fyrirtækja í landinu. Fimm manna fjölskylda með unglinga yfir 16 ára aldri greiðir þannig 101.000 kr. árlega til Ríkisútlarpsins, burtséð frá því í hvaða mæli heimilismenn nýta sér þjónustu þess. Tekjur af gjaldinu hafa hækkað mikið undanfarin ár eins og sjá má á grafinu hér að neðan. Ástæðuna má rekja til ákvarðana um hækkun gjaldsins sem og fjölgunar greiðenda. Á verðlagi ársins 2022 hækka tekjur af gjaldinu um rúm 44% miðað við árið 2017.

Tekjur ríkissjóðs vegna útlarpsgjalds á verðlagi ársins 2022



Heimild: Stjórnarráð Íslands. 1. Gert er ráð fyrir að greiðendum fjölgi jafn mikið og á milli árunna 2020-2021

Takmarka þarf umsvif Ríkisútvarpsins


Lengi vel hefur verið rætt um nauðsyn þess að takmarka umsvif Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði til að styrkja stöðu frjálsra fjölmiðla hérlandis. Þrátt fyrir háværa umræðu síðastliðin ár hefur enn ekki náðst pólitísk sátt um aðgerðir. Því er nú svo komið að samkeppnisstaða annarra fjölmiðla hefur versnað, og er að sjálfsgöðu fleiri atriðum þar um að kenna svo sem ójafnri stöðu íslenskra og erlendra fjölmiðla hérlandis. Á þessu ber ríkið þó mikla ábyrgð, bæði með því að reka fjölmiðil í samkeppni við einkaaðila og með því að draga lappirnar í að jafna stöðu innlendra og erlendra fjölmiðla. Umfram allt er að mati Viðskiptaráðs ekki hægt að líta fram hjá því vandamáli sem umfang RÚV skapar, en það er ekki aðeins á auglýsingamarkaði sem samkeppnisstaða þess hefur áhrif, heldur keppir RÚV einnig við innlenda einkaaðila um dagskrárefni. Vinna þarf gegn þeirri röskun.

Viðskiptaráð tekur undir framlagða þingsályktunartillögu og telur fullt tilefni til að útfæra það nánar að landsmenn hafi valfrelsi um ráðstöfun hluta útvarpsgjaldsins. Slíkt fyrirkomulag þekkist nú þegar í lögum um sóknargjöld og ekki ætti að vera neitt til fyrirstöðu að útfæra útvarpsgjaldið á svipaðan hátt, þar sem almenningur gæti á einstaklingsgrundvelli ákveðið til hvaða fjölmiðils útvarpsgjaldið rennur. Við mat á hæfi til að þiggja útvarpsgjald mætti t.d. horfa til þeirra skilyrða sem þegar hafa verið sett um styrki til einkarekinna fjölmiðla. Ráðið telur jafnvel tilefni til að ganga lengra en fyrirbyggjandi tillaga leggur til og að heimilt verði að ráðstafa allri upphæð útvarpsgjaldsins, en ekki einungis þriðjung þess.

Aðrar leiðir eru færar

Að því sögðu telur Viðskiptaráð aðrar leiðir færar til að styrkja stöðu einkarekinna fjölmiðla og telur ráðið einsýnt að Ríkisútvarpið hverfi af auglýsingamarkaði. Mýksta leiðin væri að RÚV hætti virkri auglýsingasölu, en taki við auglýsingum til birtingar, en sú sem gengur lengst væri að taka RÚV alfarið af auglýsingamarkaði. Þannig þyrfti RÚV ekki lengur að haga dagskráráherslum þannig að þær löðuðu að sér auglýsingar og hefði þannig meira svigrúm til að sinna því menningarlega hlutverki sem því er ætlað að rækja um leið og breytingarnar hefðu afgerandi jákvæð áhrif á samkeppnisstöðu einkarekinna fjölmiðla. Þá telur Viðskiptaráð einnig að setja megi á fót samkeppnissjóð til þess að styðja við innlenda dagskrárgerð. Slíkir samkeppnissjóðir þekkjast á ýmsum málefnasviðum þar sem stjórnvöld telja samfélagsleg verðmæti að finna og er Kvikmyndasjóður Íslands dæmi um slíkt. Þannig myndi RÚV keppa um opinbert fjármagn í slíkri dagskrárgerð á jafnræðisgrundvelli við aðra fjölmiðla í landinu.

Virðingarfyllst,


Agla Eir Vilhjálmsdóttir
Lögfræðingur Viðskiptaráðs Íslands